

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 28. febrúar kl. 13:00 var haldinn 315. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arndal, Hildur Björnsdóttir að hluta, Vala Valtýsdóttir, Páll Gestsson að hluta, Guðjón Viðar Guðjónsson, í fjarveru Valgarðs Lyngdal Jónssonar, og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum og Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála OR.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 314 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála, Benedikt Kjartan Magnússon, verðandi framkvæmdastjóri fjármála, Gísli Björn Björnsson og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds og kynntu drög að ársreikningi ársins 2021. Umræður. Reikningurinn verður lagður fram til samþykktar á fundi stjórnar þann 8. mars nk.

Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

*Góður árangur var af rekstri OR á árinu 2021 og er ánægjulegt að sjá að launakostnaður og rekstrarkostnaður í heild hafa lækkað milli ára. Rétt er að benda á að skuldir OR eru rúmir 200 milljarðar um áramót sem talsvert umfram markmið OR en gert var ráð fyrir að skuldir væru 192 milljarðar í árslok 2021. Þetta gerist þrátt fyrir að fjárfestingar séu 3 milljörðum minni en gert var ráð fyrir.*

Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslu, dags. 28.02.2021. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna eða tæplega 1,9% af eigin fé í árslok 2021.*

*Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2022-2026.*

Afgreiðslu tillögunnar frestað til fundar 8. mars nk.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28.02.2022. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur veitir Bjarna Bjarnasyni og Benedikt Kjartani Magnússyni fullt og ótakmarkað umboð til þess að draga á lán samkvæmt viðskiptasamningi um lánalínu á gildistíma hans samanber grein 4 (Lánsbeiðnir) í samningnum, að fjárhæð ISK 4.000.000.000 milli Landsbankans hf. og Orkuveitu Reykjavíkur, dags 24.06.2011.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

Lögð fram áhættuskýrsla, dags. 14.10.2021.

Klukkan 14:20 mætti Gylfi Magnússon til fundarins og Páll Gestsson yfirla fundinn.

3. Klukkan 14:22 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri til fundarins og gerði grein fyrir vinnu sem unnin hefur verið með starfsfólki vegna niðurstöðu vinnustaðagreiningar sem kynnt var á síðasta fundi. Umræður.

Klukkan 14:50 vék Hildur Björnsdóttir af fundi.

4. Klukkan 15:00 mættu Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstýra til fundarins og lögðu fram til samþykktar ársskýrslu fyrir árið 2021. Umræður.  
Ársskýrslan samþykkt og verður undirrituð rafrænt.

5. Lagt fram minnisblað, dags. 28.02.2022 til upplýsinga, um samantekt á störfum stjórnar fyrir árið 2021. Umræður.

6. Mat á störfum forstjóra. Frestað.

7. Klukkan 15:15 mættu Birna Bragadóttir og Eiríkur Hjálmarsson til fundarins og gerðu grein fyrir stöðu framkvæmda og áætlunum í Elliðaárdal.

8. Klukkan 15:53 mætti Hildigunnur H. Thorsteinsson til fundarins og lagði fram að nýju tillögu frá síðasta fundi (SF 314) um að stofna 100 milljóna kr. rannsóknarsjóð OR til að styrkja rannsóknir tengdar heimsmarkmiðum, sem OR leggur áherslur á. Umræður.  
Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Klukkan 16:00 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins og kynnti stefnuáætlun samstæðu fyrir árið 2022.

Klukkan 16:07 yfirla fundinn.

10. Lögð fram innkaupastefna Orkuveitu Reykjavíkur, lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.

11. Skýrsla regluvarðar: Frestað til næsta fundar.

12. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 28.02.2022 og minnisblað um forðagæslu, dags. 24.02.2022. Umræður.

13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 24.02.2022. Umræður.

14. Önnur mál.

- Gestur Pétursson mætti til fundarins kl 16:20.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:27.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. mars 2022.**

Brynhildur Davíðsdóttir,  
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Páll Gestsson,  
Eyþór Laxdal Arndal, Hildur Björnsdóttir,  
Guðjón Viðar Guðjónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.